

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu


ISBN 978-9935-409-40-9

26. ISBN 978-9935-409-25-6

ginnungagap

höfuðskepnur verða til

bregðst í ormslíki smjúgandi göngin
vellandi tímarúmsfroða



Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080

*Vedurnar eru um sköpun, sköpun úr gapinu milli orðanna, og eru
innan þess.*

*Allar vedur til samans eru sem smátjörn á litilli eyju umflotinni
hafí.*

*Það er stærð þeirra, vedanna, miðað við alheimsvitund.
http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html*

*40 eru grundvallareiginleikar náttúrulegumálanna nærri
sameinaðra í uppruna sínum,
þótt í eind séu, hefur hver um sig afmarkað svið eiginleika,
hver og einn þeirra er eindin.
Þegar mannsheili virkar alfullkomlega er sá maður uppljómaður.
Þegar líkami manns er altær, þá er sá maður uppljómaður.*

*Reynzla af ginnungagapi veldur skilningi, fullkomnum skilningi,
en fullkonnun er tilgangur þróunar,
þróun er tilgangur lífsins.*

Ginnungagap höfuðskepnur verða til

*vara sandur né sær
né svalar unnir;
jörð fannst æva
né upphiminn,
gap var ginnunga
en gras hvergi
-- svá hlætt sem loft vindlaust
og heims vafurlogi*

*Óðinn bregzt í ormslíki
Freyja tímarúmsfroða*

-Lögmál náttúrunnar eru lagskipt,
eru í mörgum lögum,
mynda mismunandi raunveruleika, mismunandi sannleika.

Þau hafa mismunandi Gungni (/bylgjutíðni).
Hvar og hvernig myndast þau? Hvaðan koma þau? Hverjum datt þetta
eiginlega í hug?

Engin spurning er um að þetta er snilld, æðsta skipulag vitmunalegs eðlis.

Hiti úr Múspellsheimi og hrím úr Niflheimi mætast, litla völva.
Sumir kalla það stóra smell að veröld verður til,
og víst er að það er bráðsmellin hugmynd að skapa veröld.

hagall hagl jökull khadjala खजल खज़ल daggardropar þoka regn

खं kha kham tóm/rúm/himinn, जल djala vatn

Eitthvað er að gerast innan kyrrðarinnar miklu,
vallarins iðandi,
þessarar orkuhlöðnu kyrrðar sem er á hreyfingu,

en hún breytist ekki.

Hún er eftir sköpun, sem áður, kyrrð á hreyfingu innan sjálfrar sín.
Ginnungagap, Iðavellir.

Ginnungagap vísar aðeins til sjálfs sín,
ég hverfist innan eigin náttúru minnar og skapa aftur og aftur

प्रकृतिं स्वां अवस्थभ्य विसृजामि पुनः पुनः Bhagavad gíta IX8

Ek, svinnur, hugur, er hið fingerðasta vitsmunanna.

Akash, kham, er rúmið, sem verður til sem fyrsta höfuðskepnan,
og svo koma þær hver af annarri:

við það að eitthvað er að myndast (rúmið) hreyfist eitthvað,
hreyfing veldur höfuðskepnunni lofti, vaayu,

þar sem er hreyfing verður núningur,
núningur veldur hita, eldi, ljósi, agni, tedjas, 3ju höfuðskepnunni,

þar sem er hiti getur bráðnað,
þá verður vökvi, vatn, apas, djala,

þar sem er vatn eða vökvi, þar flæðir, og getur storknað,
og storkan verður fasta efnið jörð, bhúmi, prítví, 5. og síðasta skapaða
höfuðskepnan
(en skepna er skapnaður, eitthvað skapað, ekki satt; málið okkar er
hnitmiðað).

akash/kham (rúm)

vayu (loft)
tedjas/agni (eldur)
anala/jala (vatn)
bhúmi/pritvii (jörð) -- höfuðskepnur, í þessari röð.

Hver fæðist af þeirri næstu á undan.
Þar eð vatn er 4. skepnan í keðjunni, inniheldur hún greindina sem býr í rúmi lofti eldi, og svo bætast hennar eigin eiginleikar við í henni

-- greinilega vitsmunalega fæddir og til orðnir.

Svolítið einfaldara:

akash (tómið)
í því varð til loft við hreyfingu
loft er hreyfing og veldur núningi, eldi, ljósi
við hitann verður bráðnun, vökvi, vatn,
vökvar geta storknað, jörð

Innan eindarinnar verður til löngun, Óðinn Vili,
og það er í tóminu, í eindinni, og rúmið verður meðvitað,
við löngun og að rúm verður til verður hreyfing, þ.e. eitthvert fyrirbæri
kemur til
sem verður höfuðskepnan loftið,
við hreyfingu loftsins myndast núningur
sem verður höfuðskepnan hitinn ljósið eldurinn,
við hitann myndast bráðnun
sem verður höfuðskepnan vökvinn vatnið,
við að vatnið flæðir verður möguleiki á storknun
sem verður höfuðskepnan jörðin, fasta efnið.

Þetta eru höfuðskepnurnar 5,
og samsvarandi þeim eru skilningarvitin okkar fimm
í þessari röð: heyrn tilfinning sjón bragð ilman.

Jörðin er þínulítill tísuprjónshaus, nærri ófinnanleg á kortinu miðað við alheiminn,
samt köllum við hana nafla rúmsins. Hún er svo mikils virði okkur.

Hún hefur farið ég gegnum margt eitt ferlið
einkum áður en hinn vitiborni maður þróaðist hér.

Grjót jörð dvergar
gróður jörð vatn
dýr eldur
svo enn fingerðara menn

og þá vættir.

Í efnisheiminum er mikið um shiksa शिक्ष
þróun úr einu í annað, framför, allt blómstrar,
margfeldi á margfeldi ofan, 8, 64

hvernig allt opnast upp í fleira og fleira,
hið þróaðra stig byggir á því sem fyrir var.
(32., þursameyjar og framþróun.)
Hvað opnast upp af öðru, og skilningur eykst,

shiksa er einnig þessi fullkomna aðferð til að læra: allt opnast upp fyrir
nemanum

einsog þegar blómkróna opnast, fyrst knúbbur, síðan opin króna.

Shiksa er þekking um að hvað þróast af öðru (37.),
og skilningur,
allt opnast upp meir og meir.

Innan heildarinnar milku er einnig shiksa.

Allt sem við förum í gegnum, lærum, skiljum smátt og smátt, þegar við
gerum rannsókn innan vitundar,

allt sem opnast upp fyrir okkur betur og betur.

Það er aðeins hægt með rannsókn innan vitunar.
Það svið næst auðveldlega með samsviðstækninni TM.

Að rannsaka efnisheiminn er einsog að telja sandkorn í stórbrimsfjöru.
Utanbókarlærdómur.

Að rannsaka innan vitundar er einfalt og áhrifarík.
Og heildin skilst.
Einsog að synda í Ægi og finna alla dropana sem Ægi.

5 höfuðskepnur -- aðaðskapnaður –
og við gefum þeim nöfn í gamni fyrst þær eru skepnur:
Heim(/kham)dallur, eða Vindhler,
Hræsvelgur sem loftið, og vindurinn loft að flýtas sér,
Ullur (bál), eða Logi, eða Hrímnir,
vatn, Viddi sær, en það er líklega gælunafn víðis, sem er sævarheiti, og
sá er bróðir vinds og elds,
og móðir jörð er okkar Hlöðyn.

Heimdallur í Himinbjörgum (Himalaya, 29.) tákna hér hjá okkur rúmið, fyrstu höfuðskepnuna, akash, kham, því hann heyrir grasið gróa og ullina vaxa, og hann er kannski hlutar (d. deler) heims.

Hræs-svelgur eða hræs-velgur (en velgur er til sem hjálmsheiti) er þá Kári, eða loft að flýta sér (einsog oftast er á Íslandinu góða), nú eða loft vindlaust, og hlætt, ef elztu Íslendingar muna hvernig það fyrirbæri er.

Til eru í fornri menningu nöfn á 5 gyðjum höfuðskepnanna: hrillekhaa gaganaa raktaa karaalíkaa mahochchhussama, en þær eru gyðjur gapsins sem er milli höfuðskepnanna, gyðjur þess óskapada sem allt er úr við þann mikla smell sem varð við að skaparinn fékk þá hugsun í kollinn að leika sér að skapa skepnur þessar 5, höfuðmál.

Hrillekhaa er þá gyðja gapsins fyrir höfuðskepnu Heimdallar, rúm, Gaganaa Hræsvelgs, lofts, Raktaa eða Raakaa er einnig gyðja fulls tungls (17.), og við höfum hana sem gyðju gaps og Ullar hylli, höfuðskepnunnar elds, Karaalíkaa er einskonar vatnadís eða Rán Ægis, gapið hjá vatni, og Hlóðyn er þægilegra í framburði en mahochchhússama sem er eiginlega ekki mjög þjált gyðjuheiti. 5 gyðjur eða goðmöggn fyrir gapið milli höfuðskepnanna 5. Glæsilegt.

Þetta var allt vitað fyrir þúsundum ára, og nýlega voru nútímavísindamenn að finna rúmið sem höfuðskepnu, svo þeim er að fara fram núna -- löngu eftir að öllu fór aftur.

Gervirinn, skaparinn, leikur sér að að búa til heilan alheim, svo menn mega áreiðanlega vel leika sér að að gefa fyrirbærum nöfn.

Og devar:

Marut er storm-deva, Hræsvelgur

ambhah-pati (vatna faðir) वरुण Varuna (samsvarar Ουρανός), einhver elsta goðveran, nafn Rindar mun komið af Varuña, svo forn er líklega barnsmóðir Óðins, og minnir á vatnaheim;

ambhas अम्भस् vatn.

Mahabhúta (maha-bhúta, höfuð-skepnur, stór-skapnaður) eru 5 og


svara til skilningarvitanna 5
(sem nema efnisheiminn, og aðeins efnisheiminn)

Hugsíð og finnið þetta sem hér kemur,
ekki aðeins lesa orðin í bunu:

heyirn á við akash / kham / rúmið
heyirn samsvarar rúminu
sem að hluta ósköpuð orka, að hluta skapað efni og fyllir $\frac{3}{4}$ hluta heims
höfuðskepnanna -- svo langtum stærst er höfuðskepnan rúmið

snerting / tilfinning á við loft
tilfinning samsvarar loftinu, sem fæðist af rúminu
loftið hefur eiginleika rúmsins auk sinna eigin

sjón á við eld / ljós
sjón samsvarar ljósi, eldi, sem verður til af loftinu
eldur hefur eiginleika sína og lofts og rúmsins



-Góðan daginn. Ég er með athyglipörf á háu stigi og er hér með eina spurningu:
Slökkviliðið slekkur eld, en hvað gerir þá brunaliðið?
Ég er svo drepfyndinn að þið gleymið öllu öðru!!!
Og að auki er þetta stolinn brandari!!

-Æ, við skulum halda áfram:
bragðskyn á við vatn
bragðskyn samsvarar vatninu, vökvum, sem til verður af eldinum
og vökvar innihalda komna eiginleika (rúm loft eld) auk sinna

ilman (lyktarskyn) á við jörð.
ilman samsvarar jörðu, föstu efni, sem er af vatninu komin
og hefur alla eiginleikana fimm.

Ilman er tengd minni, og er ótrúlega sterkur þáttur í mönnum og dýrum.

Ath: sjette sans (einsog við segjum á íslenskri dönsku), hugboð, innsæi,
er alls ekki skilningarvit;
skilningarvitin eru jafnmörg höfðuskepnunum,
og svo eru skynfærin einnig 5.

10 samtals skilningarvit og skynfæri, dñyañindrya og karmindrya.

(iñdriya इंद्रिय skilningarvit)

Skilningarvitin nema ekki ginnungagap (tívatún, samsvið allra náttúrulögmála, The Unified Field of all the Laws of Nature),

því það svið er hinn óskapaði hluti sem við, á veraldlegum nótum, nemum ekki,

en við erum það

--- svið tilverunnar sem allt er úr -- sem efnisheimurinn, með skömmtum, kemur úr.

Höfuðskepnurnar eru í þessari röð: jörð vatn eldur loft rúmið.
Eða rúmið(tómið) loft(vindur) eldur(ljós) vatn(vökvar) jörð(fast efni),
rúmið loftið eldurinn vatnið jörðin samkvæmt röð tilurðar sinnar.

Grundvöllur efnisheimsins alls er eiginlega ekki flókinn – þegar búið er að útskýra fyrir manni!

Og mjög einfaldlega skilinn hinum uppljómaða sjáandi manni.

Milli skapaðs og óskapaðs eru 5 tanmatra,
hljóð, snerting, lögun, bragðskyn, ilman
og 5 mahabhhuta, höfuðskepnur,
sem verða sköpuð veröld.

mantra brahmanyor veda nama dheyam मन्त्रब्रह्मन्योर्वेदनामधेयम्

hljóð og gapið til skiptis, alltaf til skiptis

hljóð gap hljóð gap, eða gungnir gap gungnir gap

Þegar menn nýsa niður og falla aftur þaðan (Hávamál v.138)

upplifa þeir þetta sama: gapið, aftur út í hugsanir, gapið, aftur út.....

A er sarva vak सर्व वक्

(öll hljóð og orð í og úr einu hljóði/orði/atkvæði, A;

sem svo fjölfaldast í 192) en allt verður til úr gapinu milli orðanna.

Hér er úrdráttur úr því sem Maharishi kennir um 25 atriði sem liggja til grundvallar alls sköpunarverksins:

1. purusha
2. prakriti
3. mahat
4. ahamkara

5. hugur (alheimshugur)

6.-15. indrya, þar af 5 skilningarvitin, dñyañendriya, og 5 skynfærin, karmendriya, sem tengja huga manns við veraldarfyrirbærin,

16.-20. tanmaatra (tat+maatra), og hvernig þau valda skilningarvitunum okkar, og hvernig þau gera möguleika á grundvelli fyrir allan skapaða heiminn, skapa möguleika fyrir höfuðskepnurnar fimm. Þau eru:

sabdha tanmatra, fyrir rúmið, hljóð
sparsha tanmatra, fyrir loftið, snerting
rúpa tanmatra, fyrir eldinn, ljós form lögun,
rasa tanmatra, fyrir vatnið, bragðið
gahdha tanmatra, fyrir jörð, ilman

21.-25. mahabhutas eru svo höfuðskepnurnar eins og þær koma fram sem

akasha, rúm, (samvarandi heyrn okkar)
vayu, , loft (samsvarandi tilfinningu)
tejas [frb. tedjas] (samsvarar sjón)
apas (- bragði)
prithivi (- ilman).

Allt sem Kapila skrifar um shankhya er hægt að skilja með TM-iðkun, og við þurfum að skilja TM-iðkun og nota tæknina dags daglega.

Þá sjáum við þetta, allt opnast upp fyrir mannlegum heila. -- Shiksha.

Í febrúar 2004 fann sigri hrósandi nútímavísindamaður höfuðskepnu í hinum skapaða efnisheimi. Krakkarnir hans völdu nafnið quinto (5.) essence (efnið) úr nokkrum tillögum hans.

Quinto essence er kallað dark energy en er alls ekki dökkt. Og þetta er allt ekki fimmta, heldur fyrsta!!

Þeir voru svona kátir, vísindamennirnir, því þeir þekktur aðeins fjórar höfuðskepnur, jörð vatn eld loft.

Vo vo mikil uppgötvun, maður!
Gasalega gáfaðir. Mikil uppgötvun í þeirra huga. Klárir eðlisfræðingar. Okkur er að fara fram!!!

Ekki kannski nein ný uppfinning því þetta hefur staðið í Vedunum í þúsundir ára. Vestrænir vísindamenn voru bara að finna það núna. Menn vissu af lofti, eldi, vatni og jörðu, ekki af rúminu, akash/kham -- sem er þá langtum stærra en hin.

En þekking vedanna var gleymd í bili, á okkar myrku öldum.

akash अकश = kham खम् nefnt quinto (5.) essence
er ekki alls ekki fimmta heldur fyrsta höfuðskepnan
nefnt dark energy en er alls ekki dökkt.

Akash, eða kham, heitir það á sanskrít,
og er fyrsta og fingerðasta höfuðskepnan,
og fyllir $\frac{3}{4}$ (þrjá fjórðu) hluta af hinni sköpuðu veröld.
Það er að hluta til skapað og að hluta óskapað.

Hinar höfuðskepnurnar eru svo -- í þessari röð hver af annari komin --
loft, eldur, vatn, jörð.

Þegar nútímavísindamenn tilkynntu um fund nútímavísindamanns á
akash, benti kennarinn minn, maharishi, mesti eðlisfræðingur heims, og
heims mesti vísindamaður, strax á vers (stönsu) í ævafornu vedunum um
þetta sama.

Í þúsundir ára hefur verið í vedunum klausa um akash, kham, rúmið,
sem fyrstu höfuðskepnuna af fimm.
Maharishi benti strax á að þetta, því hann kann og skilur allt sem þar er.

Maharishi brosti og fór með versió úr vedum um þetta sem vitað var fyrir
þúsundum ára, en hefur gleymzt (eins og ótal margt annað) í okkar
yfirborðslegur og grunnu nútíamamenningu.

Við erum að tala um vísindaöld okkar -- en hún er rétt að byrja!!

Hún byrjar raunar með því að maharishi kennir veda-vísindin.
Þá kemur skilningurinn.

Í vedu segir að akash fylli $\frac{3}{4}$ hluta hins skapaða.
Akash, kham, fylltir $\frac{3}{4}$ hins skapaða heims hefur semsagt staðið í vedu í
þúsundir ára.

akash er víst að hluta óskapað.
er etv bæði skapað og óskapað í senn,
eða stundum eitt stundum annað,
þannig að það er efni og orka.
Á fingerðustu sviðum slíks.

Þetta sýnir yfirburði vedavísinda yfir nútímavísindum okkar.

Nútímavísindamenn rannsaka efnisheiminn og reyna að finna
upprunann.

Sjáandi menn rannsaka uppruna alls innan sín og sjá hvernig efnisheimur verður til úr eind.

Þannig var Madhuchhandas.

Þessi aðferðamunur er afdrifaríkur.

Utanfrá inn er erfið leið og dýr og tímafrek, og menn stoppa fljótt á einhverju.

Innafrá er einfalt og auðvelt og skilar fullkomnum árangri.

Þá sér maður heild.

Losnar við þessar brotakenndu yfirgripsmiklu hverfulu óhöndlanlegu heimsmýndar- og efnisagna-rannsóknir.

Finnun hinn höndlanlega raunveruleika sjálfan, heildina, fyrirhafnarlaust.

Þessa vegna eru vísindamenn í heimssamtökum, GUSP, Global Union of Scientists www.GUSP.org Allir læra að rannsaka innan vitundar og sjá þar allt.

<http://www.universeadventure.org/fundamentals/cosmol-ancient.htm> hér eru „gamaldags nútímavísindamenn” með smart myndir, vita ekki hve lítið þeir hafa vitað til þessa !!!

en hjá þeim er „ancient” (fornt) þetta sem var fyrir nokkrum árum,
- þessar myrku alda skömmu hugmyndir, hreint ekki fornt!!

Það liggur við að maður vorkenni þeim í sínu ímyndaða fineríi
sem er ekkert fint.

Þeir eru aldir upp í þessu, og héldu auðvitað að þetta væri allur sannleikurinn.

Vedavísindi, sem eru það sem getur borðið nafnið „ancient” fornt, þúúran, vissu þetta allan tímann. Í mörg þúsund ár.

Við aðeins gleymdum vísindunum þegar streitan yfirtók líf og hamlaði hugsun mannanna,

við hættum að skilja fingerðari svið lífsins og tilverunnar. Sáum aðeins efnisheiminn og leituðum þar að einhverju týndu.

Menn skilja aðeins það sem vitundarstig þeirra leyfir.

Þá er að hækka vitundarstigið til að skilja meira og betur.

TM-tæknin, samsviðstæknin og -vísindin, er eina svona huglæga tæknin sem mælist með vísindaaðferðum að virkar svona fullkomlega,

og reynist hækka greindarvísitölu að auki.

Eykur skarpskyggni og skilning, því allur heilinn nýtist samræmdur (37.).

Menn verða sjáandi á það sem óskapað er, uppruna hins skapaða, þegar streitan hverfur úr kroppnum, -- uppljómaðir menn, uppljómaðir vísindamenn.


Sága er gyðja sjáenda. (18.)

Þekkja sjálfan sig
(einsog heimspékinn bendir mönnum á að gera, en það gerist ekki með hugsun, nota bene).

Í heila manna mælist með heilalínuriti (EEG), hvernig hann virkar á 4. vitundarstigi mannsins.

Dr. Alarik Arenander, dr. Fred Travis o.fl.

Hvernig má nú standast að höfuðskepnurnar eru fimm, en gunnarnir þrír, og and-, eld-, sæ-hrímnar í Valhöllu þrír?



dr. John Hagelin

Gunnarnir þrír, sattva radjas og tamah, verða til á undan efni rétt einsog hugurinn verður til á undan líkamanum.

Gunnarnir þrír, náttúrulegir (3-gúna, trígúna, þrír eiginleikar) í jafnvægi,
eru ekki sem þrír,
í jafnvægi í kyrrstöðu, ekkert að gerast,
sýna engar framkvæmdir,
engin sköpun, engin framþróun.

Þegar ójafnvægi myndast á milli Gunnanna,
einskonar sog, sem riðlar jafnvæginu,
fara þeir af stað og koma fram í alls konar samspili og samsetningum.

Í veraldardansi Gunnanna ráða þeir bókstaflega öllu!
Stjórna öllu hér í verslu.

Hér verðum við að losna við Gunnana þrjá, til þess að þeir geri okkur
ekki snarvitlaus.

Til að losna við Gunnana verðum við að sóast,
sóa einstaklingsvitund í alheimsvitund með því að fremja valkyrju.

Ginnungagap er það sem maður fær reynzlu af við að sóast,
fara á 4. vitundarstig (sjá 30.),
vera innan sviðs hugsunar um stund.

Vata pitta kapha finnst í öllu í veröld.

kallast dósha **दोष** sem raunar þýðir ótærleiki,
en þegar allt er í fullkomnu jafnvægi, líkaminn, menn og umhverfi,
er ekki ótærleiki. (31., 39.)

Vata er loft/vindur – inniheldur rúmið og loftið
pitta er hiti/eldur
kapha er vatn/vökvi. – inniheldur vatn og jörð
þ.e. innihalda höfuðskepnurnar 5 í sér þrem.

Og hver og einn maðurinn hefur í sér and eld sæ:
t.d. vata-manneskja, pitta-manneskja, kapha-manneskja,
eða alls konar sambland VP, PK, VPK, og svo framvegis. (39.)

Þessi þrieind, vata pitta kapha,
kemur snemma í hina sköpuðu veröld, efnisheiminn,
úr hinu óskapaða sviði, ginnungagapi,

rishi vata óðinn and(hrímnir) akash+vayú, rúm og loft,
devata pitta vili eld(hrímnir) agni/tedjas, eldur
kapha cchandas véi sæ(hrímnir) apah+priti vatn og jörð.

raunar er hrímnir eldsheiti,

agní अग्नि, en það er einmitt fyrsta orð/hljóð rík-vedu, ऋक् वेद

Í Valhöllu er and- eld- sæ- í hrími, en samkvæmt lögmálum varmaafsl-
fræðanna eru engin aðskotaefni í því sem er á frostmarki sínu.

Cusine Vallhallaise, segja þeir í jötnum Gera Freka (22.).

Hljóta að vera lifandi menn í Valhöllu,
því eldhúsið hefur höfuðskepnurnar á matseðlinum.
Höfuðskepnur eru aðeins í hinni sköpuðu veröld.

Þær fara ekki til Heljar, (13.)

þær fara í hundana þegar fyrirtækið líkami er lagt niður, (22.)

þegar viðkomandi íbúi hefur afgreitt sína Urði Verðandi Skuldu á þessari
ævi. (33.)

Fyrir þúsundum ára voru vísindin þekkt;
fyrst voru þau í munnlegri geymd,
síðar var skrifað það sem hinir tæru menn heyrðu og sáu,
til að varðveita þekkinguna sem slíka líka.
En in munnlega geymdin er enn dýrmætari, og enn iðkuð af kostgæfni.

Sanskrit er lifandi mál, hefur alla tíð verið talað.

Sumir menn voru -- og sumir lifandi menn eru núna – sjáandi,
uppljómaðir, tærir (31.),
hafa aðgang að allri þekkingu,



þeir sjá í gegnum efnisheiminn og sjá hið fingerðasta, heyra hið
fingerðasta.

Nú eru að fæðast fleiri og fleiri menn sem komnir eru langt á sinni
þróunarbrotu.
(Kallast víst Indigo-börnin.)

Lögmál náttúrunnar koma úr samsviðinu.
Við sjáum þetta ekki með okkar augum
--- sem gerð eru fyrir efnisheiminn eingöngu

og finu tækin okkar
-- sem við erum svo montin af, framlenging skilningarvitanna --
nema þetta ekki heldur.

Margir vísindamenn vita að þetta svið er þarna, hlýtur að vera þarna, en það mælist ekki. Einstein var viss en kunnir ekki TM, svo hann gat ekki gert rannsókn innan vitundar.



Samsviðskortið + mannshugur (lengst til hægri),

æ fingerðari svið hugans þar til hann sóast.

Mannlegur hugur á greiðan aðgang að samsviði allra náttúrulögmála, og tæknin er fyrir hendi.

Uppljómaðir sjáandi menn heyra hljóð vedanna, sköpun efnis úr eindinni miklu, tóminu sívökula sem hlaðið er orku og möguleikum, óendanlegum möguleikum sköpunar.

Mannslíkaminn á sér, samkvæmt rannsóknum dr.Tonis Nader, læknis, fullkomna samsvörun við alheiminn.

Forn vedavísindin eru að hvísla þekkingu að nútímavísindamönnum.

„Maharishi Vedic Science" er samræming nútímavísinda og vedunnar vísinda; þetta tvennt er alveg samhljóða,

nema

-- að vedur vita nákvæmlega af virkni samsviðsins og hvernig heimurinn verður til úr því.

Nútímavísindamenn eru enn að þæla í því, og þurfa nú að læra af vedavísindum maharishis.

Dr. Volker Schanbacher, Sviss, talar um óendanlega sköpunarhæfileika náttúrulögmálanna, og hvernig þetta svið er aðgengilegt hverjum manni.




Figure 4

En við þurfum að læra tæknina TM.

Það þarf þessa grundvallarþekkingu á uppruna alls sem er -- til þess að skilja hið brotarkennda sem við lærum í gamaldags skólunum.

Nútímaskólar: 37., vitundarþroskamenntun (Consciousness-Based Education, CBE, Maharishi-skólar).

Grunninn undir öll heimsins fög.

Sú þekking næst með námi og með því að gera rannsóknir innan vitundar. Hvort tveggja þarf að gera. Skilja með huganum sínum, og fá beina reynslu af eindinni.

http://www.poverty-removal.org/appendix16n/appendix_16_.html
(nemi nám þekkingin þrennt í eind)

Dr John Hagelin, Bandaríkjunum, skammtaeðlisfræðingur, segir að innan samsviðsins sé eiginleikinn „ósigrandi“, og maðurinn geti vel virkjað hann.

http://streaming.mou.org/MOU/Dr_Hagelin/Tucsontalk.wmv

ég vona að þetta sé þarna ennþá!! yndislega vel útskýrt !!
kemur ekki upp sem síða, heldur opnar Windows Media Player fyrirlestur.

Dr. Toni Nader, frá Lebanon, er að þróa, á heimsvísu, kerfi: að vinna á útfrá þeim eiginleika samsviðsins „að vera ósigrandi“, en hundruð niðurstaðna rannsókna liggja fyrir. (38.)

Spennandi!

Við höfum fæðzt inn í hina sönnu vísindaöld, sem tók nokkuð langan tíma að reyna að rísa undir nafni.

Sumir vísindamenn kafna raunar undir nafni ennþá,
þykjast sjá allt úr filabeinsturninum, en skoða enn veröld utanfrá
einsog þeir séu eitt og tilveran annað.

Betra er að horfa útum glugga Valhallar (30.)
eða leika fluglistir í himinvitund (30.)

Vitið þið að þúrúsha og prakríti (pra fyrst, krít gert) vinna saman.

Tvennt sem gæti verið andstætt og þarmeð unnið hvort gegn örðu, er í
reynd tvennt andstætt sem vinnur saman
-- og getur varla hvort án annars verið til að sköpun eigi sér stað.

Vitið þið að guð án manna og menn án guða eru ekki fullkomið og fagurt
líf.

Menn í myrkri frá guðum séð, og guð í myrkri frá mönnum séð
er ekki heillavænlegt líf.

Hér er þetta kven- og karlgert, persónugervingar.

Freyr getur ekki án Gerðar verið, Gerður getur ekki án Freys verið (8.).

En áður en veröld skapast eru einnig svona kraftar, karl- og kvengerðir.

Vitið þið að Freyja er froða, og til er tíma-rúms-kvoða (spacetime-foam) í
eðlisfræði
í rúminu óræða (the room).

Óðinn Vili Vei – og Freyja.

Freyja, frauð, froða, bullar þarna sem kvoða, gýs stundum úti veröld og
verður að heilu sólkerfunum.

Afróðíta er líka froða og kemur úr Ægi,
fæðing Venusar úr hafinu,
rétt einsog Freyja er Njarðardóttir.

Í tíma-rúms-froðunni eru holur, eða göng inn, sem tengjast,
kallaðar ormaholur (worm-holes), ormagöng,
og þjóna tilgangi til að hafa samband.

Allt sem gerist gerist samtímis alls staðar í senn.



(Bronssöld, Danmörk)

Óðinn brást í ormslíki til að komast í gegnum Rata-(/rott-)nöguðu göngin inn í Hnitbjörg til að sækja mjöðinn dýra.

Hann brást ekki mönnunum og hafði ástir Gunnlaðar sem lét af hendi mjöðinn í eigu Suttungs handa okkur.
(32./gömul þróunarskeið, framþróun.)



skáldfíflahlutur

og mjöðurinn

Óðinn – Gunnlöð

Óðinn Bölverkur ormur í göngum,
allt í þágu þess að koma því sem Gunnlöð gætir í Ásgarð.

Þarna í uppruna heimsins eru
kyrrðin mikla, þúrúsha, sem vitni alls og minni alls,

kyrrðin mikla og krafturinn innan kyrrðarinnar, paraprakriti, svo
prakriti.

Prakriti er ekki ánægð fyrr en hún hefur ert Þúrúsha til dáða,
og ekki ánægð og linnir ekki látum fyrr en hann er æðstur alls í veröld,
þúrúshottama.

Prakriti, paraprakriti og prakriti, náttúran, er 8-föld í eðli sínu.

Gervir alls sem er, skiptist í 8-falt eðli sitt, náttúru sína, innan
eindarinnar og í náttúrunni skapaðri.

भूमिरापो ऽनलो वायुः खं मनो भुद्धिरेव च अहंकार इतीं मे भिन्ना प्रकृतिर्अष्टधा

jörð vatn eld loft rúm hug vitsmuni (búddhis) „ek geri mig“ (ahamkar)

Eind, gapið, er tvennt í einu: kyrrð og kraftur, purusha og paraprakriti.
Gapið er vitund hlaðin orku, á hreyfingu.

Úr því eru lögmál náttúrunnar komin.

Guðin eru ekki karlar og kerlingar, heldur forsetar náttúrulögmálanna langt innan mannlegrar hugsunar og persónugervinga sem notaðir eru til að útskýra það sem skilningarvitin ekki nema.

Við iðkun TM fær mannleg vitund reynzlu af nálægð alheimsvitundar, ginnungagapinu mikla, einstaklingsvitund og alheimsvitund sem er eitt, ekki tvennt, ek gefinn sjálfum mér, gefinn Óðni.

Eindin er tvennt í senn, kyrrð og kraftur, og því vökul, skapandi, en ætíð eind.

Óðinn Vili Vei eru löngun og forvitni í tíma- og rúmlausu túni, löngun sem veldur hreyfingu.

rishi devata tsjandas í samhita

Sköpun er leikur sem verður til af forvitni Óðins um að vita, en þarna er aðeins svinnur
-- Óðinn leitar, Vili finnur, finnur Vea (3., þrieindir).

Óðinn Vili Vei valda sköpun með þessari upprunalegu forvitni, vitund fær vilja til að vita, finnur aðeins fyrir vitund, Vea.

Samsviðið og Óðinn Vili Vei eru í sífelldu ofsahröðu ferli.

Og Óðinn Vili Vei elska Freyju og Freyja elskar þá.

prakritim svaam avasthabhya visridjaami punah punah,
ég hverfist innan eigin náttúru minnar og skapa aftur og aftur

प्रकृतिं स्वां अवस्थभ्य विसृजामि पुनः पुनः Bhagavad gita IX8

ginnungagap er 100% fullt, hin skapaða veröld er 100% full.

पूर्णमदः पूर्णमिदं पूर्णात्पूर्णमुदच्यते।

पूर्णस्य पूर्णमादाय पूर्णमेवावशिष्यते ॥

púrnām adah púrnām idam púrnāat púrnām udacyate
púrnāsya púrnām aadaaya púrnām evaavsisyate
fullt er það, fullt er þetta, út úr fyllt kemur fyllt,
þrátt fyrir að tekin sé fyllt úr fyllt er samt eftir fyllt
því ginnungagap er óhagganlegt þrátt fyrir að allt skapast úr því.

Maður sem hugsar og óskar, er áfram maður þótt hann hugsi og óski.

Hann rýrnar ekkert við að hugsa og óska.

Próunin er tilgangur heimsins,
og heimurinn aðeins í gamni,
hugarfóstur Brahm,

bhúr bhúrva, allt í gapinu भूर् भुर्भु भुर्व

Burr og Bestla Bölpörn Bestlu faðir Borr Búri,
gap bhúrbhú burs synir hugarfóstur Brahm bhúúr bhúrv

Tívar stjórna 5 höfuðskepnum,
eru forsetar og yfirmenn yfir 8-faldri náttúrunni (36.),
og menn, lifandi menn, geta lært að virða þá og þakka þeim.

Þeir eru yfir paraprakríti, æðri náttúru,
og fullnægja stöðu púrúsha, kyrrðarinnar miklu, ginnungagaps.

Ginnungagap er algjörlega sjálfu sér nógt
og vísar aðeins til sjálfs sín.
Það tekur ekki þátt, en er kyrrð og vitni, horfir á í kyrrð, þögn,
sem vitni þessa guðlega heilaga sviðs og sköpunar úr því.

Allri veröld er stjórnað frá þessari stjórnstöð.
Móðurborðinu.
Stjórnað gegnum paraprakríti, æðri náttúru, sem er ginnungagaps eigin
náttúra.

Lögmál náttúrunnar kallar maharishi stjórnaskrá alheims (38.),
eftir hverri öllu er stjórnað.

Ginnungagap er eind hversu mörgum sinnum sem við tölum um það sem
margt.
(13., Mímir, minni eindar um allt.)

Það mun ætíð stjórna sköpuðum heimum.
Það stjórnar núna,
það hefur stjórnað frá upphafi, í eilífð
og mun stjórna til eilíðar.

Skilningarvitin nema ekki samsvið allra náttúrulögmála, eindina miklu
(The Unified Field of all the Laws of Nature),
því það er hinn óskapaði hluti
--- það svið tilverunnar sem allt er úr (sem efnisheimurinn, með
skömmtum/quantum, kemur úr),

og er ein skapandi vitund
(einstaklingsvitund og alheimsvitund, eitt og hið sama).

Skepna er það sem skapað er,
og allur hinn skapaði alheimur verður úr þessum höfuðskepnum.

Hin skapaða veröld er það sem við nemum með okkar veraldlegu
skilningarvitum.

En innan alls er ginnungagap, og við erum í ginnungagapi.
(gap, svo notað sé málfar forfeðranna),
gapið mikla ginnhelga sem ekkert skilningarvitanna fær numið.

Það er eiginleikalaust, er möguleikar alls,
er svinnur hlaðinn orku, vitund á hreyfingu.

Allur hinn skapaði alheimur er úr því kominn,

en við erum í raun það, raunveran, grundvallarraunveruleikinn
(svo notuð séu hugtök heimspekinnar).

Og hvað segir þetta okkur?
jú, að við þurfum ekki að sogast inní veraldardansinn mikla nema bara
okkur og öðrum til gleði og gagns.

Þótt kroppurinn okkar sé úr veraldlegu efni, getum „hin eiginlegu við“
horft á veröldina sem þögul vitni að fegurð náttúrunnar og gert lífið
yndislegra,

með því að fá næringu úr uppruna okkar.

Epli Iðunnar, ódáinsfæðu.

रिचो अ क्षरे परमे व्योमन् ritshjó a kshare parame vyoman

यस्मिन्देव अधि विश्वे निशेदुः yasmin deva adhi vishve nisheduh

यस्तन्न वेद किमृचा करिष्यति ? yastanna veda kim ritshja karishyati?

य इत्तद्विदुस्त इमे समासते ya it tad vidus ta ime samasate

Vers vedanna eru í hinu óskapaða, gapinu milli atkvæðanna, þar sem
fyllidin (fullt atkvæði) A fellur saman (ksara A) innan tívatúns.

Það búa tívar.

Þeir gjósa (íslenzk hugsun, einsog hverir!!) skapandi vitsmunum,

sem eru náttúrulögmálin.
Þau eru hvatar að og orsök alheims þess skapaða.

Sá maður sem ekki hefur meðvitund sína vakandi gagnvart þessu sviði,
fær eiginlega ekkert útúr vedunum,
hvað segir honum sossum sannleikurinn sem þar er settur fram?

En þeir menn sem þekkja þetta svið tilverunnar af eigin raun,
-- hægt er að iðka TM og finna þannig þetta svið –
þeir öðlast kyrrð, skilja heild lífsins.

Hvað er svo þetta áttfalda hvað?
astha-dha, 8-falt, 8-föld náttúra eindarinnar?

Prennt er fingerðara og æðra skilningarvitunum 5 og verður til á undan
þeim:
* hugur,
* greind/svinnur/vitsmunir,
og * tilurð einstaklingsvitundar, ek, aham, ahamkar (að búa sig til).

Allt úr eindinni miklu skapað.

भूमिरपो ऽनलो वायुः खँ मनो बुद्धिरेव च। अहंकार इतियम् मे भिन्ना प्रकृतिरष्टधा ॥

bhúúmi er sama og pritvi jörð
apas djala vatn
anala agni eldur
vaayu loft
kham akash rúmið
manas hugur
búddhi einstaklingssvinnur greind vitsmunir
ahamkaar ek-gert eða það að búa sig sjálfan til sem einstakling
-- í þessari röð, eða verður raunar til í öfugri röð

fyrst ahamkaar, ég geri mig að einstaklingi, bý mig til,
síðan vitsmunir, greind, hugsandi einstaklingsvitund
svo hugur, mannshugur,

Þetta er erfitt að sjá með augunum sínum.
Skilningarvitin nema ekki hugann, vitsmunina, einstaklingsvitundina;


við reynum að hugsa okkur þetta eftir að heyra vísuna þessa,
sem er 4.vísa í VII. kafla Bhagavat-gítu.

Skilningarvitin nema ekki samsvið allra náttúrulögmála, eindina miklu.

Þau nema aðeins efnisheiminn,
höfuðskepnurnar, samsvarandi hverju og einu.

En þetta er nú hin áttskipta náttúra. (36.)

Og erfitt er fyrir okkur að sjá að við séum vitund því við sjáum kroppinn okkar, sjáum okkur sem einstakling,
með eigið taugakerfi, Sleipni okkar, eigin kropp,
og sjáum hina sem aðra, aðra menn og önnur dýr.



Eindin er hinn óskapaði hluti tilverunnar
-- ósýnilegur augum óuppljómaðra manna --
það svið tilverunnar sem allt er úr
(sem efnisheimurinn, með skömmtum/quantum, kemur úr).

Eindin er ein skapandi vitund.
(Endurendurtekið: einstaklingsvitund og alheimsvitund er eitt og hið sama).

Þegar engin hreyfing er í uppruna sköpunarleiksins, Gunnarnir í jafnvægi, er „núll-hreyfing“ án sköpunar.

Vitund er á hreyfingu.
Sköpun verður við að 3-gúna (trí-gúna, þriggja eiginleika) jafnvægi riðlast.

Pra-kriti (frum-gjörð) uppruni efnis, fer að hreyfast í átt að sköpun.
Hún drífur sköpunina áfram upptendruð af alheimsorku,
hrifin af vilja eindarinnar miklu til sköpunar.
Þessi ómótstæðilega löngun til að skapa er henni ómótstæðileg!

Hún linnir ekki látum,
enda er hún kvengerð vegna sköpunarkrafta sinna og linnulauss dugnaðar.

Talandi um hið skapaða og að
heyrn samsvarar rúminu
(--sem að hluta ósköpuð orka, að hluta skapað efni og fyllir $\frac{3}{4}$ hluta
heims--),
tilfinning samsvarar loftinu, sem fæðist af rúminu,

sjón ljósi, eldi, sem verður til af loftinu,
bragðskyn vatninu sem til verður af eldinum,
ilman jörðu sem er af eldinum komin:

Allt er í okkar líkama,
samkvæmt Maharishi ayur-veda (39.) finnst t.d. í augunum okkar
pancha-mahabhuta (pancha er 5, maha mestu, bhúta skepnur):
jörð stjórnar vöðvakerfi augans
eldur stjórnar æðum
loft gerir þetta svarta í auganu
vatn ræður hvítunni
rúmið hjálpar til við að hreinsa gegnum tákirtla og hreinsunarrásir.

en við erum ekki efni og orka
nema hvað kroppurinn okkar er úr svoleiðis fallvöltu hverfulu efni, sem
er Gera- og Freka- og jötna-fóður (22.).

Þeir öskukarlar eru hinn hluti ferlisins, endurvinnslan, mótvægi við
sköpun efnis og orku.

Við erum vitund, Óðinn,
vitund á hreyfingu, segir maharishi.
Iðavellir.

Óðinn, hin eiginlegu við sem svinnur, við vín eitt unum, lífsflæði, praña.

Grundvallarraunveruleikinn, verund, raunveran, samsviðið
(samsvið allra náttúrulögmála)
eru nöfn vísindanna og heimspekinnar á ginnungagapi,
eingyðjistrúarmenn kalla það einn Guð eða Allah,

heiðnir menn, → ginnungagap,

-- og það gerðum við löngu áður en eingyðjistrúarbrögð og nútímavísindi
og heimspekinöfn þessi voru fundin upp --

en guðin nefnum við forseta náttúrulögmálanna.

Einnig er því lýst:
sem sjálfsvísandi, ósigrandi, fullkomnu jafnvægi, vökulu innan sjálf sín,
sviði allra möguleika, ósköpuðu, samræmandi, óendanlegu samræmi,
óendanlegri orku, óendanlegri kyrrð og þögn, tærri þekkingu,
endalausum stjórnunarmöguleikum, fullkomnu skipulagi, óendanlegri
sköpun, hreinsandi af ótærleika, ódauðleika, nærandi, til framþróunar,
öllum möguleikum, alfrelsi, endalausum, sjálfu sér nógu, sælu og gleði,
fullkomnu sem heild.

Það í sjálfu sér eiginleikalaus, er möguleikar alls.

Vedur og nútímavísindi eru sammála um allt þetta sem eindina, ginnungagap.

Þannig er því lýst jafnt í nútímavísindum sem í vedum:

allir möguleikar, frelsi, óendanleiki, sjálfu sér nægt, sæla, samræmandi, vísar aðeins til sjálfs sín, ósigranleiki, fullkomið jafnvægi, alvökult innan sjálfs sín, náttúrulögmálin geta hvað sem er, einfaldleiki, óskapað, veldur samhljómi, óendanlega samhæft, endlaus kyrrð, tær þekking, stjórnunar- og skipulagningarhæfileikar óendanlegir, fullkomin regla, óendanlega skapandi, hreinsar allt og gerir allt tært, ódauðleiki, nærir, leiðir til framþróunar.

Eindin mikla skapar af náttúru sinni með því að hverfast innan sjáfrar sín.

Skapar 8-falda veröldina, náttúruna (prakríti).

Sem margfaldast, 64 o.áfr.

Hér er púrúsh hið tíunda.

Níunda er paraprakríti hin óskapaða náttúra innan eindarinnar para þýðir æðra, æðri náttúra innan eindarinnar, ósköpuð náttúra.

Enn er eindin, aatma, brahm, ein og hið eina.

Hið helga gap ginnunga.

Sama hvernig það skiptist, og hvernig brahma (skaparinn) stjórnar þessari sköpun innan sjálfs sín.

10 mandölur Rk-ved eru um, og samsvara,

paraprakríti,

8-faldri náttúrunni

og purush.

en Rikveda er heild.

Rík ved er heild, samhita,

sama- yajur- atharva-vedur eru rishi devata cchandás,

en hver og ein vedanna fjögurra þessara,

og vedabókmenntanna 36 að auki,

er eiginleiki sem er í raun heildin.

Náttúrulögmálin eru á sviði kyrrðarinnar orkumiklu, innan hennar, innan eindarinnar, samsviðs allra lögmála náttúrunnar.

Við sjáum átt-skipta náttúruna innan paraprakríti, æðri náttúrunnar, innan ginnungagaps.

Áttföld náttúra innan paraprakríti (þess níunda), er innan gapsins sem er þá hið tíunda (púrúsha).

Allt er innan ginnungagaps.

http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html

Þegar við förum að hugsa um þetta sjáum við skiptingu, einn í níu. Greindin sér þessa skiptingu. Vitsmunir veita skilning.

Það er hinn mikli svinnur, skilningur, þekking, sem býr í mönnunum.

Og forvitnin um að vita!
Hún býr í mönnunum einnig.

Óðinn Vili Vei eru sköpun,
vitund fær vilja til að vita, finnur aðeins fyrir vitund, Vea;
svo eru jötnar hinn hluti ferlisins, endurvinnslan, einsog áður sagði.

Mímir smríti स्मृति er minnið um allt, sem auðvitað er eindin.

Mímir (13.) er annar hluti ginnungagapsins sem þó er aðeins eitt og aldrei annað en það sjálft. (13.)
Mímir er minni gaps ginnunga um sjálft sig.

Hin skapaða veröld er margfeldi á margfeldi ofan af þessari 8-skiptu náttúru, óendanlegir möguleikar.

Veröldin er míthya afrit eftirprentun eftirmynd aukafyrirbæri stenztt ekki.

मिथ्य मिथुया मिथ्या

Aðeins eindin er.

Ekam sad vipra bahúdha vatanti
Einn er sannleikurinn, mörgum nöfnum kalla hinir vitru hann.

एकं सद्विप्र बहुध वदन्ति

sá sem eindina þekkir verður hún

en við erum ekki efni og orka nema hvað kroppurinn okkar er úr
svoleiðis fallvöltu hverfulu efni,
sem einstaklingar erum við hugur og vitsmunir, einstaklingurinn lifandi,

en í raun erum við hið ódauðlega,
við erum vitund, Óðins Glæðheimar, Sólar sæla, Baldurs birta.

Þjóðvitnir kemur sér að - sem oftast (!!):



-Einsog ég benti á í beztu og skemmtilegustu skræðuinni, **4.**:
Hin tæru skilningarvit eru hvítir hestar fyrir vagni Ardjúna sem Krishna stýrir.



Heimdallur inn bjarti stendur fyrir in tæru skilningarvit með því að heyra grasið
gróa og það allt fínerí.
Heyrn hér stendur fyrir öll fimm.

Skilningarvitin 5 -- þegar þau eru ekki tær -- eru streituvaldarnir!!!



Þeir, sem ekki hafa tærleika til að bera, verða streitunni að bráð,
og það er vítahringur líka, Litli vítahringurinn minn, inni í hinum.

sjá **4.**skræðu --(þetta er auglýsing)--

Því streita í taugakerfinu veldur röngum ákvörðunum,
röngu mati á hvað er einhvers virði og hvað ekki,
og rangar ákvarðanir valda streitu,
og það að þurfa að taka ákvarðanir veldur streitu!!!

Ég er nú ekki svo vitlaus, enda búin að hlusta á allt þetta sem sagt hefur verið í
skræðum 1 – 26.

Þetta er svo spennó að ég er farinn að hlakka til skræðna 27 – 40!!!



-Reglulega snjall, Þjóðvitnir minn.
Beztu þakkir fyrir innleggið.

Versla okkar er síbreytileg og hverful, fær eigi staðist nema sem leikur ginnungaps.

Ver-öld = manns-ævi, táknar óvaranlegt fyrirbæri.
Hverfult sem verður til og mun líða undir lok.

sjá: vedur innan samsviðsins
slóð

http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html

vinstra megin hvert nútíma vísindi eru loks komin með rannsóknum sínum utanfrá (úr efni) inn, hægra megin það sem verið hefur í vedum í þúsundir ára, séð innanfrá af þeim sem uppljómaðir voru og þeim sem uppljómaðir eru.

Á máli nútímavísindanna heitir þetta eilífa svið tilverunnar: samsvið allra náttúrulögmála (e: The Unified Field of Total Natural Law), og hefur uppgötvast.

En menn þurfa tækni (TM) til að lifa þetta svið og rannsaka það þannig.

Nútíma vísindi, þótt brotakennd séu, eru komin á sporið, en enn skammt á veg miðað við þekkinguna miklu sem er fullkomin og heildstæð.

Hún hefur verið hér í þúsundir ára, altær, því sannleikurinn getur ekki dáíð, ekki flekkast. Sat chit ananda.

Á sanskritt heitir þetta grundvallarsamsvið tilverunnar: samhíta, og hefur verið þekkt í þúsundir ára,

á norrænu: hinn mikli svinnur sem allt er úr, ginnungagap hið eilífa, Iðavellir eindin á hreyfingu, sem var í upphafi, alltaf verður, og allt er til orðið úr.

Forfeður okkar vissu, að þar er hinn mesta kraft að finna og hinn eina sanna kraft, og að auðvelt og nauðsynlegt er hverjum manni að nálgast hann.

Þetta er kennt í Hávamálum, í vísu 138 o.áfr.

Hagnýt lífsvísindi, nauðsyn hverjum lifandi manni.

Á máli heimspekinnar heitir þetta svið tilverunnar: raunveran, eða grundvallarraunveruleikinn. Heimspekingar eru alltaf að leita þess.

Þekktu sjálfan, gnoþi seauton, γνωθι σεαυτον,
og með TM-tækninni er það fundið! Leitinni hætt. Farið að lifa.

Ég er nefnilega ginnungagap.
Hver einasti er ginnungagap.
Allir og allt er í því.

Grundvallarraunveruleikinn, raunveran, samsviðið, svinnur, verundin,
ginnungagap, Gláðheimar, Ægir.

Einn er sannleikurinn, hinir vitru nefna hann mörgum nöfnum.

Þetta svið tilverunnar er eilíft og óumbreytanlegt.
Úr því er alheimurinn kominn.
Án þess fær efnisheimurinn ekki staðist.
Efnisheimurinn er síbreytilegur og hverfull.
Veröldin kemur úr þessu sviði og hverfur í það aftur.

Allt verður að leita upprunans, allt kemur úr upprunanum, og það sem ekki tengist upprunanum verður fusk eitt. Næringarlaust, tortímist.

Við sjálf, mennirnir, erum hér engin undantekning.
Enda höfum við mannlegt taugakerfi, hið mesta hnoss,
erum Brísingamen Freyju.

Maharishi mahesh yogi er vísindamaður sem þekkir ævafornar vedurnar líka. Hann sér að nútímavísindi eru smátt og smátt að uppgötva það sem hefur verið í vedum í þúsundir ára, séð af hinum sjáandi uppljómuðu.

Hann flytur okkur þekkinguna æðstu.
Margir vísindamenn taka henni opnum örmum og opnum huga,
vilja skilja.

Þekkingin barst frá kennurum uppljómuðu, guru, til nemandanna sem voru á háu vitundarstigi og skildu.
Kennslan mann fram af manni hefur aldrei rofnað.

Við skulum nú skilja vísindin í hita úr múspellsheimi, hrími í niflheimi,
og hrímdropunum, í ginnungagapi, og hvernig heimur skapast.

Hrímnir eldsheiti, svo þetta er eitthvað um vo vo mikið að gerast innan ginnungagaps.

Harold S. Harung, Norðmaður, ber saman, í grein í Journal of Human Values (1996), tvo mikla forna siði, vísindi vedu og heiðni, sem eiga grundvallaratriðin sameiginleg, fyllilega sambærileg, um tilurð veraldar og ótal margt fleira.

Svo berum við þetta saman við það sem nútímavísindi hafa uppá að bjóða og sjáum að myndmálið okkar er hnitmiðað og flytur sannleik á mæltu máli sem allir menn á háu vitundarstigi fá skilið.

Þeir sem ekki skilja hlæja bara.
En þeir munu þroskast (Rígur, 11.)

Hin skapaða veröld er margfeldi á margfeldi ofan af 8-skiptri náttúru, óendanlegir möguleikar.

Veröldin er míthya, afrit, eftirprentun, eftirmynd, aukafyrirbæri, stenztt ekki.

Aðeins eindin er.



ISBN 978-9935-409-25-6

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims”. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्रमहस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstækni TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkominunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hveurrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hveurrar forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknið okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tækni til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
